

dómari kynnt sér, að lögregluskýrslur varðandi rannsókn þessa eru frá 10. nóvember sl. orðnar fast að 250 bls.

Með vísan til þess, annars ofanritaðs svo og 1. mgr. 1. tölul. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir í þágu rannsóknar máls þessa rétt að verða við framkominni kröfu lögreglu og framlengja áður ákvarðaða gæsluvarðhaldsvist Ágústu Guðlaugar Guðmundsdóttur um allt að 20 dögum frá 10. desember 1982, kl. 2350, að telja.

Úrskurðarorð:

Framlengt er um allt að 20 dögum frá kl. 2350 þann 10. desember 1982 að telja gæsluvarðhald Ágústu Guðlaugar Guðmundsdóttur, fæddrar 8. maí 1960, til heimilis að Lauga-vegi 43, Reykjavík.

Mánudaginn 20. desember 1982.

Nr. 50/1982. **Guðbjörn Guðjónsson, heildverslun,**
 gegn
Herði Ólafssyni.

Hafning máls. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr og Halldór Þorbjörnsson.

Með stefnu 23. febrúar 1982 skaut Hörður Ólafsson hæstaréttarlögmaður til Hæstaréttar máli, sem dæmt hafði verið á bæjarþingi Reykjavíkur 25. nóvember 1981 og Guðbjörn Guðjónsson, heildverslun, hafði höfðað gegn honum. Mál Harðar fékk í Hæstarétti auðkennistöluna 43/1942. Gagn-áfrýjað var 2. mars og gagnsökin auðkennd 50/1982. Var hún sameinuð aðalsök. Á dómþingi Hæstaréttar 1. nóvember sl. var sótt þing af hálfu beggja aðilja og því yfir, að Hörður Ólafsson félli frá áfrýjun. Af hálfu heildverslunarinnar var krafist ómaksbóta í aðalsök, en staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar í gagnsök. Aðalsök var felld niður með bókun

á dómþingi Hæstaréttar 8. nóvember, gagnsökinni frestað og ákveðið, að krafa um ómaksbætur biði dóms í gagnsökinni. Á dómþingi 3. þ. m. var málið enn tekið fyrir, þá sem mál heildverslunarinnar gegn Herði Ólafssyni nr. 50/1982. Lögmaður heildverslunarinnar óskaði þess, að málið yrði hafið, en krafðist ómaksbóta. Af hálfu Harðar Ólafssonar var samþykkt, að málið yrði fellt niður, en jafnframt krafist ómaksbóta.

Mál þetta ber að hefja eftir 119. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 58. gr. laga nr. 75/1973.

Guðbirni Guðjónssyni, heildverslun, var gefið tilefni til áfrýjunar með áfrýjun Harðar Ólafssonar. Hefur heildverslunin látið sækja þing 4 sinnum. Ber að dæma henni málskostnað, og skiptir þá ekki máli, að krafan er orðuð sem krafa um ómaksbætur. Þykir málskostnaður hæfilega ákveðinn 1.500.00 krónur.

Ekki eru efni til að taka til greina kröfu Harðar Ólafssonar um ómaksbætur.

D ó m s o r ð:

Mál þetta er hafið.

Stefndi, Hörður Ólafsson, greiði áfrýjanda, Guðbirni Guðjónssyni, heildverslun, 1.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.